

## Fundargerð

**Stjórnarfundur nr. 108 - Aukafundur**

**10. febrúar 2021**

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fjarfundar fimmtudaginn 10. febrúar 2021 kl. 8:30. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Sigursteinn Sigurðsson, Hrefna B. Jónsdóttir og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Opnun fundar

Inga Dóra, formaður stjórnar býður fundargesti velkomna, og útskýrir tilurð fundarins sem fjallar um starfsáætlun skólameistara er snýr að framtíðarsýn og stefnumótun Menntaskóla Borgarfjarðar. Minnt var á að fundargerð fyrri fundar verði staðfest næst þegar stjórn hittist í raunheimum.

### 2. Stefnumótun MB: Menntun til framtíðar.

Bragi skólameistari kynnir hugmyndir um stefnumótunarvinnu MB, sem gengur út á að stofnaður verði starfshópur um málefnið. Vinnan mun taka mark af ráðstefnunni Menntun til framtíðar sem MB hélt árið 2020. Umræður fylgdu í kjölfarið. Samþykkt að ráða Signýju Óskarsdóttur sem verkefnastjóra verkefnisins og jafnframt samþykkt að Inga Dóra Halldórsdóttir og Helena Guttormsdóttir verði fulltrúar stjórnar í starfshópinn. Umræður um hugmyndir að fulltrúum frá atvinnulífi fylgdu í kjölfarið. Ákveðið var að fela stjórnarformanni og skólameistara að ganga frá formlegri skipun starfshóps og finna fulltrúa frá atvinnulífi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 9:44.